

K-20 ÍSKRAPAVÉL

HÁMARKAÐU AFLAVERÐMÆTI MEÐ RÉTTRI KÆLINGU ÍSKRAPAVÉL ÁN FORKÆLIS

Notkun ískrapa til kælingar á afla er talin ein allra best leiðin til að ná sem bestri og jafnastri kælingu og þar með hámarks aflaverðmæti. Ískrapavélar frá Kælingu Víkurafla eru afkrastur áratuga þróunar og reynslu af notkun þeirra við mjög krefjandi aðstæður á Íslandsmiðum og víða um heim. Ískrapavélar eru mikið notaðar um borð í fiskiskipum en einnig af vinnslum í landi.

Af hverju að nota ískrapa?

Ískrapi er ein besta kælileið fyrir afla sem er í boði. Ískrapi umleikur allan aflann og tryggir þannig jafnari og betri kælingu t.d. í samanburði við hefðbundinn ís. Flekkir á roði vegna ójafnar kælingar heyra sögunni til. Auðvelt að dæla ískrapanum þar sem best er nýta hann í ferlinu hvort sem það er á sjó eða í landi.

Fyrir fiskiskip og vinnslur í landi

Vinsældir ískrapa fara ört vaxandi bæði á sjó og í landi. Ískrapi hentar afar vel fyrir allan afla úr sjó og einnig önnur matvæli. Þykkni ískrapa getur verið misjafnt frá 10% í 40% íþykkni á móti sjó. Þunnur ís 10-20% er notaður við vinnslu en þykkari upp í 40% þegar ísa á afla niður í kór.

K-20 ískrapavélin í hnotskurn

K-20 er ískrapavél án forkælis. Mikið notaðar við framleiðslu á ískrapa í tanka. Ískrapavélin hringrásar sjó í tanki og býr til ískrapa. Getur framleitt allt að 6.339 lítra af ískrapa á klukkustund miðað við 0° sjóhita inn á kerfið. Saltinnihald þarf að vera 2,6% NaCl að lágmarki. Ef auka þarf saltinnihald er hægt að nýta saltþækilkerfi. Sjónotkun við 15° er allt að 6.500 lítrar á klukkustund og sjósiun 30 míkron.

Tækniupplýsingar

Spennugjafi:	3x 230 V / 3x 400 V
Orkunotkun:	46 kW
Kæligeta í kW:	75 kW
Kæligeta í kcal/klst.	64.655 kcal/klst.
Ískrapaframsleiðslugeta á 10° í við 0°C sjóhita:	6.339 l/klst.
Ískrapaframsleiðslugeta á 40° í við 0°C sjóhita:	1.858 l/klst
Ísframleiðsla á 24 klst. við 0° sjóhita:	18.923 kg.
Lágmarks saltinnihald:	2,6% NaCl
Orkuþörf í keyrslu:	46Kw
Stærð (LxBxH):	2000x1300x1850 mm
Þyngd:	1.680 kg
Kælimiðill:	404A/449A
Sjósiun:	30my
Sjónotkun við kælingu á búnaði við 15°C sjóhita:	6.500 l/klst.

Fyrirferðalítil búnaður og sveigjanlegur í uppsetningu

Ískrapavélar taka lítið pláss miðað við afköst og eru samsettar úr sjálfstæðum einingum. Sveigjanleiki í uppsetningu er því mjög mikill þannig að ískrapavélum hefur alltaf verið komið fyrir þrátt fyrir takmarkað pláss. Lagnir eru leiddar frá ískrapavél á þann stað eða staði þar sem nýta þarf ískrapann.

Nútíma stjórnþúnaður með fjartengingu

Stjórnborð fyrir ískrapavélar eru tölvustýrð og með snertiskjá. Tengja má mörg stjórnborð við hverja ískrapavél. Algengt er að vera með stjórnþólva í brú og aðra á vinnsludekki. Fjartengibúnaður gerir þjónustuteymi okkar mögulegt að tengjast ískrapavélum kanna stöðu þeirra, uppfæra og fínstillast ef þess þarf.

Ending og áreiðanleiki í allt að 25 ár

Fyrstu ískrapavélar frá Kælingu Víkurafla voru teknar í notkun árið 2005. Allar þær vélar sem hafa verið í þjónustu frá upphafi eru ennþá í notkun. Með reglubundnu eftirliti og réttu viðhaldi má reikna með endingu í 25 ár eða jafnvel lengur.



Kæling Víkurafl ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kænilausna fyrir sjávarútveg. Við vinnum stöðugt að því markmiði að viðskiptavinir okkar geti hámarkað aflaverðmæti með rétttri kælingu á öllum stigum. Kænilausnir frá Kælingu Víkurafla hafa náð fótfestu bæði hér á landi og erlendis enda hafa þau staðið fyrir gæði, áreiðanleika, afköst, endingu og góða þjónustu.